

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Norðurlandi vestra, 19. mars 2021

Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Umsögn; Tillaga til þingsályktunar um flutning höfuðstöðva Rariks ohf. á landsbyggðina.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um tillögu til þingsályktunar um flutning höfuðstöðva Rariks ohf. á landsbyggðina, 379. mál. Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að stefnt skuli að flutningi höfuðstöðva Rariks ohf. á landsbyggðina og að kannað verði á grundvelli hagsmuna félagsins hvar væri hentugast að byggja upp höfuðstöðvarnar og efla starfsstöðvar Rariks ohf. um landið.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) taka undir þau sjónarmið sem nefnd eru í þingsályktunartillögunni um staðsetningu höfuðstöðva Rariks ohf. Flutningur höfuðstöðva félagsins myndu samræmast áherslum byggðaáætlunar sem og stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar auk stefna einstakra stjórnsmálaflokka. Yrði flutningurinn vel til þess fallinn að fjölga störfum og bæta þannig búsetuskilyrði á landsbyggðinni.

Það skýtur skökku við að þrátt fyrir að meginstarfsemi Rariks ohf. sé á landsbyggðinni séu höfuðstöðvarnar í Reykjavík. Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni endurspeglar núverandi staðsetning höfuðstöðvanna starfsemi félagsins ekki eins vel og hægt væri. Stjórn SSNV tekur því heilshugar undir efni þingsályktunartillögunar.

Stjórn SSNV vekur auk þess athygli á Norðurlandi vestra sem ákjósanlegri staðsetningu fyrir höfuðstöðvar Rariks ohf. Í landshlutanum er saga félagsins rík með rekstri virkjana og hitaveitna auk dreifikerfisins. Staðsetningin höfuðstöðva Rariks ohf. á Norðurlandi vestra yrði mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf svæðisins en þegar eru starfsstöðvar félagsins á Sauðárkróki, Blönduósi og þar til nýverið á Hvammstanga. Á meðan starfsfólki í félagsins í höfuðstöðvum í Reykjavík hefur fjölgað hefur þeim sem starfsmönnum sem staðsettir eru á Norðurlandi vestra fækkað jafnt og þétt. Gott lag er því til að efla þessar starfsstöðvar félagsins með flutningi höfuðstöðvanna í landshlutann og styrkja þannig stoðir atvinnulífs svæðisins.

Þess skal jafnframt getið að flutningur höfuðstöðva Rariks ohf. á Sauðárkrók og efling starfsstöðva á Blönduósi og Hvammstanga var ein tillagna Norðvesturnefndarinnar [í skýrslu frá árinu 2014](#) en tilgangur nefndarinnar var að setja fram tillögur að aðgerðum sem miðuðu að því að efla byggðapróun, fjölga atvinnutækifærum og efla fjárfestingu á Norðurlandi vestra.

Það eru því langt frá því að vera nýjar hugmyndir að höfuðstöðvar félagsins verði staðsettar í landshlutanum.

Stjórn SSNV áskilur sér rétt til að veita umsögn um málið á seinni stigum og lýsir sig jafnframt tilbúna til samtals við atvinnuveganefnd vegna málsins.

F. h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri